



# Framkvæmda- fréttir 26. tbl. /03



Yfirlitsmynd af áætluðum gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu. Göngubrýrnar eru teiknaðar með rauðu.

## Göngubrýr yfir Hringbraut og Njarðargötu

### Hönnunarsamkeppni lokið

Dórnafnd í hönnunarsamkeppni fyrir göngubrýr yfir Hringbraut og Njarðargötu hefur lokið störfum og kynnt niðurstöðu sína. Það er tillaga Línuhönnunar og Studio Granda sem var valin til frekari vinnslu.

Samkeppnin var auglýst í maí 2003 og fyrir henni stóðu umhverfis- og tæknisvið Reykjavíkurborgar og Reykjanesumdæmi Vegagerðarinnar. Um var að ræða hönnun þriggja brúa, tveggja yfir Hringbraut og einnar yfir Njarðargötu.

Í dórnafnd voru:

Ólafur Bjarnason, umhverfis- og tæknisvið Reykjavíkurborgar, formaður.

Þórarinn Þórarinnsson, skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar.

Einar Hafliðason, brúadeild Vegagerðarinnar.

Jónas Snæbjörnsson, Reykjanesumdæmi Vegagerðarinnar.

*framhald í opnu*

## Auglýsingar útboða

### Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún 03-056

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð Árbæjarvegur frá Hringvegi að Heiðarbrún (2 km), sem og hluta Gaddstaðaflatavegur (0,9 km), alls 2,9 km.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	4.410 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	230 m <sup>3</sup>
Skeringar	1.615 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	6.220 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	2.565 m <sup>3</sup>
Girðingar	3.900 m
Tvöföld klæðing	20.170 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	12.875 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 15. september 2003, Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. september 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 26. tbl. 11. árg. nr. 348 15. sept. 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

framhald af forsiðu

## Markmið og fyrirkomulag

Árið 2004 er fyrirhugað að færa Hringbraut suður fyrir Læknagarð og Umferðarmiðstöð. Í tengslum við þá framkvæmd verða þessar þrjár göngubrýr byggðar. Mikilvægt var talið að brýrnar væru vel leystar, hagkvæmar í byggingu og falli vel að umhverfi. Einnig var horft til þess að endurtaka megi sömu hönnun á öðrum göngubrúum í framtíðinni ef henta þykir.


Ákveðið var að viðhafa tveggja þrepa samkeppni. Í fyrra þrepi birtu keppendur tillögur sínar undir nafnleynd og komu þá fram 9 tillögur. Dómnefnd valdi svo þrjár tillögur til frekari hönnunar og kostnaðarmats í seinna þrepi.

## Umsögn dómnefndar

Akreinar eru brúaðar með svifléttri lausn sem hvílir á súlum í miðdeilum og til enda. Landtaka brúna og aðlögun að landi er vel leyst með framlengingu brúa niður í landhæð. Gönguleiðir um brýrnar tengjast vel gönguleiðum svæðisins með svifandi tengingu yfir friðland Vatnsmýrarinnar, en þar þarf þó að huga betur að útfærslu.

Hefðbundin og sannfærandi lausn. Steypt eftirspennnt lausn er hagkvæm með tilliti til viðhalds.

Sveigjanleiki lausnar er mikill með tilliti til breytilegra haflengda og byggingaraðstæðna.



Afstöðumynd göngubrúar yfir nýja Hringbraut sunnan við Læknagarð.



## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003 - 2008

03-089

Tilboð opnuð 9. september 2003. Norðurlandsumdæmi eystra. Snjómokstur, eftirlit og hálkuvörn á Hringvegi um Víkurskarð á árunum 2003 - 2008.

Helstu magntölur á ári (viðmiðunartölur marksamnings):

Mokstur með vörubíl	12.500 km
Eftirlit á smábíl	13.500 km
Háلكuvörn	3.300 km
Veghefill	80 klst.
Hjólaskófla við snjóblásara	50 klst.
Biðtími manns	100 klst.

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Jarðverk ehf., Akureyri	10.914.400	134,5	2.152
2	Trukkar og tæki ehf., Akureyri	9.126.100	112,4	364
1	Icefox ehf., Akureyri	8.762.000	107,9	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	8.117.500	100,0	-645

Frávikstilboð barst frá Icefox ehf.

## Vetrarþjónusta í Eyjafirði

2003 - 2008 03-088

Tilboð opnuð 9. september 2003. Norðurlandsumdæmi eystra. Snjómokstur, eftirlit og hálkuvörn á vegum í Eyjafirði á árunum 2003 - 2008.

Helstu magntölur á ári (viðmiðunartölur marksamnings):

Mokstur með vörubíl	19.500 km
Eftirlit á smábíl	12.800 km
Háلكuvörn	3.100 km
Biðtími manns	50 klst.

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Jarðverk ehf., Nesi, Akureyri	12.398.800	146,0	3.490
4 Kristinn E. Gunnarsson, Akureyri	10.364.000	122,0	1.455
3 Guðmundur Hjálmarsson, Akureyri	9.422.000	110,9	513
2 Trukkar og tæki ehf., Akureyri	9.226.150	108,6	317
1 Icefox ehf., Akureyri	8.909.000	104,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	8.494.000	100,0	-415

Frávikstilboð barst frá Icefox ehf.

## Reynishverfisvegur (215),

Hringvegur - Prestshús 03-052

Tilboð opnuð 9. september 2003. Suðurlandsumdæmi. Gerð Reynishverfisvegur (215) frá Hringvegi að Prestshúsum (4 km), sem og hluta Dyrhólavegar (0,9 km), alls 4,9 km.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	6.625 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	3.625 m <sup>3</sup>
Skeringar	6.530 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	17.645 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	4.245 m <sup>3</sup>
Ræsi	99 m
Girðingar	3.300 m
Tvöföld klæðing	32.170 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	39.200 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8 Nóntindur ehf., Búðardal	49.756.600	183,0	25.574
7 Klúftir ehf., Reykjavík	36.316.710	133,6	12.134
6 Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli	31.045.800	114,2	6.863
5 Sigurjón Ásbjörn Hjartarson, Grímsnesi	28.965.010	106,5	4.783
4 Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	27.303.300	100,4	3.121
--- Áætlaður verktakakostnaður	27.185.070	100,0	3.003
3 Framrás ehf., Vík	25.886.125	95,2	1.704
2 Græðir sf., Öfundarfirði	25.816.745	95,0	1.634
1 Sandvirki ehf., Þorlákshöfn	24.182.355	89,0	0

## Gamalt yfirfall lagt af

Verkefni í vegagerð eru misstór og þótt sum látið ekki mikið yfir sér getur munað mikið um þau fyrir heimafólk. Í sumar fóru fram útbætur á heimreiðinni að Vatnsnesi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Að jafnaði rann lækur á yfirfalli yfir steyp-tan veg sem gerður var á fyrrihluta síðustu aldar. Lækurinn rennur í Hvítá en þegar flóð koma í ána á vatnið það til að safnast saman þarna innanvið. Það gat tekið nokkra daga að sjatna og var þá yfirfallið ófært, jafnvel fyrir jeppa. Framkvæmdir sumarsins miðuðust við að hækka veginn um 1-1,5 m á um 400 m löngum kafla og setja í hann 4 stór ræsi. Meðfylgjandi myndir lýsa betur ástandinu fyrir breytingarnar sem og aðgerðunum.

Erlingur Freyr Jenson



Steyp yfirfall frá fyrrihluta síðustu aldar. Lækurinn rennur frá hægri til vinstri.



Flóð í Hvítá.



Nýr vegur með ræsi.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stóðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammtöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
03-093 Vl. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging II. áfangi	03
03-094 Au. Hringvegur (1), við Kotá í Örfæum	09.03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	09.03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	09.03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	09.03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	09.03
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekkaheiði - Geysirófa	09.03
03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kamsnes - Hattardalur	09.03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	09.03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 1. áfangi	09.03

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	15.09.03	30.09.03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813), Ólafsjarðarvegur - Möðruvellir	08.09.03	23.09.03
03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.09.03	23.09.03

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), um Víkurskarð 2003-2008	25.08.03	09.09.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta á Eyjafirði 2003-2008	25.08.03	09.09.03

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús	25.08.03	09.09.03
03-086 Vl. Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2003 - 2008	21.07.03	11.08.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	10.06.03	23.06.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-087 Vl. Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003 - 2008 Hilmar Ólafsson ehf.	11.08.03	27.08.03

## Vegrið Gemlufallsheiði

Um þessar mundir stendur yfir uppsetning á leiðara á Vestfjarðavegi á Gemlufallsheiði. Nánar tiltekið upp Bjarnadal sem er að norðanverðu á heiðinni og liggur uppúr Öfundarfirði. Lokið var við að endurbyggja þennan veg árið 2001. Á umræddum kafla er hátt framaf veginum og liggur efsti hluti kaflans á gilbarmi. Á kaflanum er sviptivindasamt og hafa vegfarndur lent í erfiðleikum þarna í vetraraðstæðum.

Alls er leiðarinn um 2,6 km langur, verkið er unnið að hluta af tveimur þjónustubílum frá þjónustusvæðum GSi og JHE. Kostnaður er áætlaður um 12 m.kr. og verklok í lok september.


*Geir Sigurðsson*



Frá vinstri: Sverrir Guðbrandsson, Hrólfur Sigurgeirsson, Pétur Birgisson og Guðmundur Björgvinsson.



Á myndinni sést niður Bjarnadal, gamli vegurinn sést ofar í hlíðinni.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 10. september 2003. Samtals er búið að sprengja 774 m sem gerir 13,6%.